

Skipulagsráð Akureyrarbæjar

Akureyri 11. júní 2018

Efni: Umsókn um framlengingu framkvæmdafrests á lóðinni að Hafnarstræti 80

Í kjölfar fundar fulltrúa Norðurbrúar og teiknistofunnar AVH með skipulagsstjóra og starfsmanni skipulagssviðs, óskar Norðurbrú ehf. eftir framlengingu framkvæmdafrests vegna byggingar hótels á lóðinni að Hafnarstræti 80. Núgildandi framkvæmdarfrestur er til 30. Júní 2018 en félagið óskar eftir framlengingu á þeim fresti til 30. september 2018 en fyrir liggur áætlun frá teiknistofunni AVH um skil á aðalteikningum eigi síðar en 30. Júní.

Vegna tímatafa sem orðið hafa á verkefninu hefur Norðurbrú fari þess á leit við fulltrúa skipulagsfirvalda að heimild verði fyrir hendi að hefja jarðvegsframkvæmdir á svæðinu strax við fyrstu skil aðalteikninga. Forsendur fyrir þeirri beiðni eru tvær, annars vegar knappur tímarammi þar sem mikilvægt er að nýta eins stóran hluta af hentugasta árstímanum til framkvæmda og hins vegar óvissa með undirlag lóðarinnar, en þrátt fyrir að fengist hafi verkfræðilegt mat á því að lóðin teljist byggingarhæf þá er það háð ákveðnum skilyrðum og því mikilvægt að geta metið undirlagið betur og að hafa tímalegt svigrúm til að koma með lausnir varðandi undirstöður byggingarinnar.

Þrátt fyrir að byggingaframkvæmdum á lóðinni sé ekki lokið hafa yfirvöld tekið ákvörðun um að malbika götuna meðfram svæðinu og leyfa umferð þar í gegn. Fyrir byggingarframkvæmdir á stórra byggingu eins og þessari er það afar óhentugt þar sem ekki er um mikið pláss að ræða á milli byggingarinnar og götunar. Það er augljóst er að framkvæmdirnar krefjast nokkurs athafansvæðis í kringum húsið. Norðurbrú óskar því eftir að fá að loka annari akgreininni meðan á uppsteypu stendur til þess að tryggja betur aðgengi að byggingarsvæðinu hluta af byggingartímanum.

Virðingarfyllst.

Sverrir Gestsson

Fh. Norðurbrúar ehf.